

Miðvikudaginn 25. júní 1986.

Nr. 192/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Dagmar Kristjánsdóttur

Kærumál. Húsleit. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Jón Ragnar Þorsteinsson settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 24. mars sl. er barst Hæstarétti 16. júní sl. Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð en ætla verður að úrskurðurinn sé kærður í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Frá ákærvaldi hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp að varnaraðila og skipuð-um réttargæslumanni hans viðstöddum. Héraðsdómari leiðbeindi varnaraðila um rétt hans til að kæra úrskurðinn. Varnaraðili lýsti því þegar yfir að hann kærði úrskurðinn en neitaði að undirrita bókun héraðsdómara í þingbók um framangreind atriði. Ef héraðsdómari taldi vafa geta leikið á því hvort varnaraðili vildi halda kæru sinni til streitu er hann neitaði að undirrita bókunina bar honum að inna varnaraðila sérstaklega eftir því. Var héraðsdómara því ekki rétt að láta undir höfuð leggjast að senda kærana til Hæstaréttar allt til 13. þ.m. svo sem hann gerði. Ber að átelja drátt þennan.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 65/1974 ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 24. mars 1986.

Laust fyrir kl. 05:00 aðfaranótt sunnudagsins 23. þ.m. bárust lögreglunni í Vestmannaeyjum upplýsingar frá ónafngreindum aðilja um að fólk væri

í annarlegu ástandi að Ásvegi 11 hér í bæ, en þar er til heimilis Dagmar Kristjánsdóttir.

Að boði lögregluvarðstjóra fóru lögreglumenn þegar á vettvang og hittu þar fyrir húsráðanda Dagmar Kristjánsdóttur, sem fædd er 14. apríl 1954 og fyrrverandi sambýlismann hennar Bóas Dagbjart Bergsteinsson, sem fæddur er 23. mars 1959, með lögheimili að Aðallandi 11, Reykjavík, en auk þeirra voru þar tveir menn innan dyra. Ekki gátu lögreglumenn séð að neysla fikniefna færi þar fram en ytra útlit Bóasar og Dagmar gaf lögreglumönnum ástæðu til að ætla að þau væru undir áhrifum örvandi lyfja. Leiddi það síðan til handtöku þeirra Bóasar og Dagmar og við leit á honum fannst samanbrotið bréf er innihélt hvítt duft og lítill tjörulitaður moli innpakkaður í plast. Efni þessi munu verða send til efnagreiningar en lögreglan telur að hér geti verið um kókein og kannabisefni að ræða.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu hafa Bóas og Dagmar neitað að hafa verið undir áhrifum fikniefna er þau voru handtekin og hvorugt þeirra kannast við efni þau sem fundust í fórum Bóasar.

Samkvæmt upplýsingum sakaskrár ríkisins hefur kærði Bóas alls átta sinnum hlotið refsingu fyrir meðferð ólöglegra fikniefna, á tímabilinu frá 13. september 1976 til 28. maí 1985.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Verið er að rannsaka ætluð brot kærða gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fikniefni og reglugerð nr. 16/1986.

Með vísan til þess, sem hér að ofan er ritað, 48. gr. svo og 50. gr. laga nr. 74/1974, að því er tekur sérstaklega til kærða Bóasar, sem er með lögheimili að Aðallandi 11, Reykjavík, eins og að framan greinir, en virðist venja komur sínar að Ásavegi 11, þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og heimila að leit megi gera á heimili Dagmar Kristjánsdóttur, Ásavegi 11, hér í bæ, enda kunna þar að finnast ólögmæt fikniefni og munir, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna, er gera skal upptæk skv. lögum nr. 65/1974, 5. mgr. 5. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Leit skal gera að sakargögnum á heimili Dagmar Kristjánsdóttur, Ásavegi 11, hér í bæ.
